



# ÍSAFJARÐARBÆR

## Hafnir Ísafjarðarbæjar

Ísafirði 16.12.2024

HKL 049

Efni: Staða framkvæmda Sundahöfn

Þann 13. desember var haldinn “teams” fundur með Vegagerðinni.

Farið var yfir stöðu framkvæmda við lengingu Sundabakka.

Sigið á hafnarkantinum orsakaðist af straumum frá skipsskrúfum skipa í sumar, nauðsynlegt er að setja upp stormpolla til að koma í veg fyrir að skip þurfi að keyra skrúfur í lengri tíma við bryggjuna.

Búið er að fylla upp í holuna sem myndaðist fyrir framan kantinn, eftir er að bora og kanna hvað hefur sigið undan plötunni og þá spurning með að dæla sandi til að fylla undir hana. Kostnaður við að brjóta upp og laga sigið er talið vera um 30 milljónir.

Vandræði hafa verið með að koma rafmagnstöflum inn í nýju þjónustuhúsin á Sundabakka. Búnaðurinn í töflunum er orðinn stærri og þar af leiðandi töflurnar, en í fyrri húsum þar sem það eru stærri tenglar í nýja Sundabakkanum en en í eldri köntum, lausnin er að það þarf að stækka hurðargötin til að koma töflunum inn.

Dýpkunarmálin: Stefnt er að því að dýpkunarskipið Sóley komi til Ísafjarðar í Janúar og klári að dýpka það sem eftir er.

Mættir voru:

Kjartan Elíasson	Vegagerð
Magnús Einar Magnússon	Hafnarstjórn
Jóhann Birkir Helgason	Hafnarstjórn
Hilmar K. Lyngmo	Hafnarstjóri

**Hilmar K Lyngmo**

**Hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar / Ísafjörður Harbour Master**

Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður.

Tel: 450 8081, GSM/MOB: 846-6384, Email: [hofn@isafjordur.is](mailto:hofn@isafjordur.is)